



Reykjavík, 15. september, 2020

Erindi til Menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs,

Félagasamtókin Stelpur rokka! óska eftir að endurnýja þjónustusamning við Reykjavíkurborg til 3 ára, fyrir tímabilið 2021 til 2023. Framlag Reykjavíkurborgar nam 4 milljónum árlega, eða samtals 12 milljónum á árunum 2018 til 2020.

### **Ráðstöfun framlags Reykjavíkurborgar árin 2018-2020**

Í þjónustusamningi Reykjavíkurborgar við Stelpur rokka! árin 2018 til 2020 var kveðið á um eftirtalin markmið:

*Ráða inn starfskonu til starfa í hlutastarfi í fyrsta stöðugildi samtakanna. Árið 2018 réðu samtökin starfskonu í 50 prósent starfshlutfall til að sinna framkvæmdastjórn. Árið 2020 réðu samtökin einnig verkefnastýru í 50 prósent starfshlutfall til þess að sinna nýjum verkefnum samfara opnun nýrrar tónlistarmiðstöðvar samtakanna í Völvufelli og aukinnar starfsemi árið um kring.*

*Fjölgun þáttakenda úr 150 í 250 þáttakendum í rokkbúðir og rokksmiðjur árið 2020. Árið 2017 var þáttakendafjöldi í verkefnum samtakanna tæplega 150 þáttakendur á ári. Árið 2018 til 2020 þjónustuðu samtökin að meðaltali yfir 200 þáttakendur í rokkbúðum og öðrum námskeiðum. Hinsvegar er þar ótalín fjöldi þáttakenda á öðrum viðburðum, t.d einkatínum, dagslöngum námskeiðum, tónleikum og öðrum opinberum viðburðum. Áætlaður þáttakendafjöldi árið 2021 verður yfir 250 þáttakendur, á vetrarnámskeiðum og í sumarrokkbúðum í öllum landshlutum.*

*Betri stuðningur við ungar hljómsveitir. Árið 2017 áætluðu samtökin að leigja æfingaráymi til að styðja betur við hljómsveitirnar sem verða til í rokkbúðunum. Í janúar 2020 opnuðu samtökin nýja tónlistarmiðstöð, 100 fermetra tónleikasal og 50 fermetra æfingaaðstöðu þar sem ungmennasveitir æfa reglulega og leigja rými frítt eða gegn mjög vægu gjaldi. Samtökin styðja líka reglulega við ungmennabönd til að spila á tónleikum, ýmist á vegum samtakanna eða á vegum annarra samstarfsaðila sem óska eftir þáttöku ungmennabanda til þáttöku á hinum ýmu viðburðum. Samtökin voru t.d meðskipuleggjendur samstöðutónleika gegn brottvísun barna sem mörg þúsund manns sóttu í júlí árið 2019, þar sem tvennar ungmennahljómsveitir komu fram, en til stóð að brottvísa einum hljómsveitameðlimi úr landi. Við höfum einnig haldið reglulega*

ungmennatónleika í samstarfi við Loft og sem hluta af Airwaves tónleikahátíðinni og höldum einnig reglulega tónleika í nýju tónlistarmiðstöðinni. Einnig héldum við baráttuhátíðina Þjórshátíð þar sem við lögðum áherslu á að veita ungmennahljómsveitum tækifæri til að koma fram. Við stöndum einnig fyrir vetrarnámskeiðinu rokkrúlletu, stuðningsverkefni fyrir ungar hljómsveitir. Að endingu hvetjum við þátttakur okkar til að taka þátt í Músíktíraunum en sigursveit Músíktírauna árið 2018, Ateria, átti uppruna sinn að rekja til rokkbúða Stelpur rokka!

*Styðja betur við ungmenni í minnihluta.* Við höfum byggt upp sérbekkingu í tengslamyndunarstarfi til ungmenna í minnihluta og þeirra sem þjónusta ungmenni í minnihluta. Innan samtakanna starfar tengslamyndunarteymi sem vinnur markvisst að því að auka aðgengi jaðarsettra ungmenna að rokkbúðunum í samstarfi við aðrar stofnanir, samtök og baráttuhópa á borð við Rauða Krossinn, Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, félagsráðgjafa, meðferðarfulltrúa og starfsmenn frístundamiðstöðva. Við bjóðum ávallt upp á frí og niðurgreitt pláss í öll okkar námskeið og höfum kynnt stefnu okkar um valfrjáls þátttökugjöld á fjölmögum viðburðum. Við bjóðum upp á ferðir til og frá rokkbúðum, túlkapjónustu í rokkbúðunum og við höfum þýtt heimasíðuna á nokkur erlend tungumál og stundað markvisst kynningarátaskil til efnaminni þátttakenda, LGBT þátttakenda og þátttakenda af erlendum uppruna Við höfum einnig unnið að því að auka breiddina í sjálfboðaliðahóp samtakanna og munum á næstu þremur árum leggja mikla áherslu á leiðtogaþjálfun til kvenna í minnihluta innan sjálfboðaliðahóps okkar.

*Bjóða upp á vetrarstarf árið um kring í aðgengilegu húsnæði.* Með opnum tónlistarmiðstöðvar samtakanna í Völvufelli bjóðum við nú upp á metnaðarfullt starf árið um kring. Á haustönn og á vorönn bjóðum við upp á 12 vikna hljómsveitanámskeið, rokkrúllettuna, 10 vikna einkatíma hljóðfæranámskeið, dagslangar rokksmiðjur á borð við myndbandagerðarsmiðju og raftónlistarsmiðju og stöndum einnig fyrir ýmsum samstarfsviðburðum í rýminu. Það er grundvallarstefna samtakanna að allir viðburðir fari fram í aðgengilegu rými en tónlistarmiðstöðin uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru um aðgengilegt húsnæði. Staðsetning tónlistarmiðstöðvarinnar í Breiðholti var valin með það til hliðsjónar að geta þjónustað best þau ungmenni í borginni sem eru síst að skila sér í tómstundastarf eftir skóla, en rannsóknir sýna að tómstundabátttaka á meðal ungmenna í Breiðholti er hvað lægst á landinu.

*Halda fleiri stuttar rokksmiðjur og fræðsluviðburði.* Árið 2017 önnuðu samtökin ekki eftirspurn eftir styttri rokksmiðjum og námskeiðum á okkar vegum til skóla, félagsmiðstöðva og annarra stofnanna. Á árunum 2018 til 2020 juku samtökin framboðið af fræðslu um félagslegt réttlæti og styttri tónlistarsmiðjur. Við höfum t.d boðið nemendum Fellaskóla upp á lagasmíðasmiðjur,

héldum raftónlistarhátíð í samstarfi við listhópinn Synth Babes, tókum þátt í Kynjaþingi, vorum hluti af fagráðstefnu Tómstunda- og félagsfræðisviðs Háskóla Íslands, störfuðum með Druslugöngunni að fræðsluviðburði, héldum tónlistar- og baráttuhátíðina Þjórshátíð sumarið 2019, og tókum þátt í ráðstefnu um Hrunið á vegum Háskóla Íslands, svo fátt eitt sé nefnt. Með auknu fjármagni getum við miðlað fagbekkingu okkar af auknum krafti til fjölbreyttra hópa næstu 3 árin.

Við sinntum þessum verkefnum til viðbótar við almennan rekstur samtakanna og fagbjálfun til sjálfboðaliða, viðamikið frumkvöðlastarf í alþjóðlegu samstarfi, fjölmarga minni samstarfsviðburði, rokkbúðir í öllum landshlutum og fleiri verkefni.

### **Stelpur rokka! óska eftir fjárframlagi frá Reykjavíkurborg sem nemur 7 milljónum árlega, eða 21 milljónum alls á árunum 2021 til 2023.**

Við óskum eftir 4 milljóna áframhaldandi framlagi frá Reykjavíkurborg ásamt niðurgreiðslu til móts við húsaleigu og rekstrarkostnaðar í húsnæði borgarinnar í Völvufelli 15 til 17, að upphæð 3 milljóna króna. Stuðningur Reykjavíkurborgar mun skipta sköpum við viðhalda blómlegri starfsemi í tónlistarmiðstöð okkar í Völvufelli í Breiðholti árið um kring. Við viljum bjóða upp á fjölbreyttari dagskrárlíði, ná til breiðari aldurshóps og tryggja jafnara aðgengi allra stelpna og trans krakka á Íslandi að valdeflandi tómstundarstarfi.

Við höfum sýnt í verki að við rekum verkefni okkar fyrir mjög hóflegt rekstrarfjármagn. Við stöndum nú hinsvegar frammi fyrir því að þurfa aukið fjármagn til að tryggja sjálfbærni samtakanna og festa rekstur nýrrar tónlistarmiðstöðvar í sessi. Við teljum starfsemi okkar vel standast samanburð við annað tómstundarstarf í borginni. Árangur okkar má glöggt sjá í aukinni meðvitund og aðgerðum í samfélagini um kynjahalla í tónlistarlífinu og auknum sýnileika ungmennahljómsveita.

### **Kjarnamarkmið árin 2021 til 2023**

*Fjölbreytt dagskrá árið um kring í nýrri tónlistarmiðstöð í Völvufelli. Stelpur rokka! fengu úthlutað 150 fermetra leigurými í byrjun janúar í Völvufelli 15 til 17, í gegnum átaksverkefni Reykjavíkurborgar um tímabundna aðstöðu fyrir samfélagsverkefni í Breiðholti.<sup>1</sup> Með opnun nýrrar tónlistarmiðstöðvar hafa samtökum nú burði til að stórauka framboð af rokkbúðum,*

---

<sup>1</sup> <https://reykjavik.is/arnarbakki-volvufell-hefur-thu-hugmynd-ad-starfsemi>

rokksmiðjum, hljóðfærakennslutínum og styttri námskeiðum árið um kring. Markmið samtakanna á árunum 2021 til 2024 er að stórauka þátttakendafjölda á ári, úr um 250 þátttakendum árlega í yfir 400 þátttakendur. Samtökin munu bjóða upp á fleiri og fjölbreyttari námskeið fyrir breiðari aldurshópa. Metskráning í hljómsveitanámskeið á haustönn 2020 hjá eldri ungmennum gefur til að mynda til kynna að mikil sóknarfæri eru í stuðningi við táningshljómsveitir, sem dæmi um aukin umsvif tónlistarmiðstöðvar. Samtökin hafa ráðið nýja verkefnastýru í hálf starfshlutfall til að sinna nýjum verkefnum tónlistarmiðstöðvar.

Samtökin hafa frá upphafi lagt mikla áherslu á að starfa í Breiðholti þar sem rannsóknir sýna að í Breiðholti er stærstur hópur ungmenna sem nýta ekki Frístundakortið fyrir tómstundir. Hlutfall barna af erlendum uppruna er einnig hæst í Breiðholti en rannsóknir sýna að sá hópur barna er ólíklegrí til að stunda skipulagðar tómstundir. Samtökin leggja mikla áherslu á að tónlistarmiðstöðin í Völvufell sé aðgengileg öllum ungmennum í Breiðholti. Möguleikar rýmisins til að þjóna sem gróskumikil miðstöð tónlistar og valdeflingar eru gríðarlegir. Samtökin hafa kostað töluverðar endurbætur á rýminu og útbúið glæsileg æfingarámyi og tónleikaaðstöðu sem er vafalaust besta tónleikarámyi sem fyrirfinnst í Breiðholti.

Við viljum bjóða Reykjavíkurborg að styðja við þessa blómlegu starfsemi í Breiðholti með hækkuðu framlagi sem nemur niðurgreiðslu á húsnæðisleigu og rekstrarkostnaði. Ljóst er að rekstrarforsendur samtakanna hafa gjörbreyst við leigu á Völvufelli en nú fer stærstur hluti rekstrarkostnaðar samtakanna í árlegan rekstur tónlistarmiðstöðvarinnar. Leiga á rýminu er rúmlega 160.000 krónur á mánuði og við bætist töluverður rekstrarkostnaður, samtals um 3 milljónir á ári. Samtökin óska eftir hækkuðu framlagi til að mæta þessum stórauknu umsvifum í rekstri húsnæðis, eða sem nemur niðurgreiðslu á húsnæðisleigu til borgarinnar fyrir 3 milljónir árlega, til viðbótar við árlegt rekstrarframlag að upphæð 4 milljóna króna.

## Önnur forgangsatriði árin 2021 til 2023

*Náið samstarf við skóla og stofnanir í Breiðholti.* Við erum stolt af því að eiga í frjóu samstarfi við skólastjórnendur í Breiðholti. Samtökin bjóða upp á valnámskeið fyrir nemendur í Fellaskóla og Hólabrekkuskóla veturn 2020 þar sem nemendum gefst tækifæri á að skapa tónlist með femínískum fyrirmynnum á 10 vikna valnámskeiðum á skólatíma. Einnig munum við bjóða nemendum Seljaskóla, Ölduselsskóla og Breiðholtskóla upp á kynningarsmiðjur í lagasmíði og í framhaldinu valnámskeið á skólatíma fyrir nemendur á vorönn 2021. Samtökin fengu einróma lof hjá Hverfisráði Breiðholts í útboði um starfsemi í Völvufelli og munu halda áfram að vinna að

því að auka aðgengi ungmenna að valdeflandi tómstundastarfi í samstarfi við hópa og samtök í Breiðholti.

*Þróun sérþekkingar og faglegs starfs.* Samtökin munu leggja mikla áherslu á að senda sjálfboðaliða og starfsfólk á erlendar fagráðstefnur alþjóðlegu rokkbúðahreyfingarinnar (e. *Girls Rock Camp Alliance*). Þar er boðið upp á vandaða þjálfun í rokkbúðastarfi, með áherslu á réttlætismiðaða þjónustu við ungmenni. Við höfum sótt vinnusmiðjur um aðgengismál, um stuðning við ungmenni með sérþarfir, hvernig á að vinna gegn fordóum og rasisma í rokkbúðarýminu, um mikilvægi tónlistarstarfs í fjöldahreyfingu gegn fasisma og fleira. Samtökin munu standa fyrir öflugri námskeiðaröð veturninn 2020 til 2021 til sjálfboðaliða þar sem lögð verður áhersla á menntun um félagsleg forréttindi og aðgerðir gegn rasisma og annarri félagslegri mismunun. Stelpur rokka! eru hluti af öflugu samstarfsneti íslenskra baráttusamtaka á borð við Tabú, Samtökin 78, Druslugöngunni og Trans Ísland sem starfa eftir sömu grunngildum, að valdefla ungmenni til að láta sína rödd heyrast. Samtökin munu halda áfram að leita til samstarfssamtaka til að auka aðgengi ungmenna í minnihluta að starfinu, efla jafnréttismenntunina í rokkbúðunum og til að þráa og skerpa jafnréttisgildi samtakanna. Samtökin munu starfa að skipulagningu margvislega samstöðuviðburða með samstarfssamtökum til að virkja mátt ungmenna til breytinga.

*Framleiðsla stafræns efnis fyrir skóla, aðrar samstarfsstofnanir og samfélagsmiðla.* Samtökin hófu framleiðslu fjölbreyttra kennslumyndbanda árið 2020 sem nú hafa verið tekin í notkun í öllum grunnskólum landsins í gegnum listveituna List fyrir alla. Við viljum halda áfram að miðla valdeflandi kennsluefni á stafrænum miðlum. Einnig viljum við standa fyrir viðamikillri útgáfu í tengslum við 10 ára afmæli Stelpur rokka! árið 2022.

*Samtökin munu halda áfram að vera leiðandi í alþjóðlegu frumkvöðlastarfi.* Stelpur rokka! hafa tekið virkan þátt í uppbyggingu rokkbúðahreyfingarinnar á heimsvísu og eru leiðandi í evrópsku samstarfi rokkbúða. Við vorum aðalskipuleggjendur 100 manna alþjóðlegra rokkbúða í Berlín, ásamt þýsku rokkbúðasatökunum Ruby Tuesday og héldum viðamesta verkefni samstarfsnets rokkbúða til þessa, alþjóðlegar rokkbúðir á Íslandi fyrir 100 þátttakendur frá 10 Evrópulöndum árið 2019., og sáum alfarið um dagskrágerð Evrópuráðstefnunnar í Serbíu árið 2018 og í Oslo í Noregi árið 2019. Við höfum einnig átt í öflugu tvíhlíða samstarfi við rokkbúðir víða um heim. Við áttum frumkvæði að því að stofna, í samstarfi við þarlendar tónlistarkonur, rokkbúðir í Grænlandi og í Færeyjum. Við stuðluðum einnig, í samstarfi við samtökin Sól í Tógó, stofnun og framkvæmd

fyrstu rokkbúðanna í Vestur Afríku, í Tógó og höfum stutt þær búðir árlega. Við eignum einnig í góðu samstarfi við samtökin Foundation for Positive Change í Póllandi sem reka þarlendar rokkbúðir og höfum m.a. staðið fyrir fjöldasöfnun á Íslandi til styrktar þeim. Við höfum einnig sent sjálfboðaliða í sjálfboðaliðaskipti til Póllands, Bandaríkjanna, Svíþjóðar, Noregs og Tógó og tekið á móti sjálfboðaliðum frá sömu löndum til Íslands. Árin 2021 til 2024 munu samtökin halda áfram frumkvöðlastarfi sínu á alþjóðavettvangi með skipulagningu fjölbreyttra alþjóðlegra viðburða. Vorið 2021 eða um leið og aðstæður leyfa munu Stelpur rokka! skipuleggja ráðstefnu um rasisma í tómstundastarfi í samstarfi við rokkbúðasamtökin Girls Rock London sem munu senda nokra fulltrúa til Íslands til að fræða starfsfólk Stelpur rokka! og annarra baráttusamtaka um aðgerðir gegn rasisma í ungmannastarfi.

### **Um Stelpur rokka!**

Stelpur Rokka! eru sjálfboðaliðarekin samtök sem efla ungar stelpur, konur, trans og kynsegin einstaklinga í gegnum tónlistarstarf og jafnréttisfræðslu. Markmið samtakanna er að leiðréttta kynjahalla í íslensku tónlistarlífi, bjóða upp á aðgerðamiðaða jafnréttismenntun og vera leiðandi afl í valdeflandi tómstundastarfi á Íslandi. Samtökin starfa ekki í hagnaðarskyni.

Rúmlega 1.0000 þátttakendur hafa samið og spilað tónlist í rokkbúðum og rokksmiðjum á vegum samtakanna frá stofnun þeirra árið 2012 og myndað yfir 200 hljómsveitir. Rokkbúðirnar eru kjarninn í starfi Stelpur rokka! Í rokkbúðunum læra þátttakendur á hljóðfæri, spila í hljómsveit og semja lag. Þeir taka þátt í vinnusmiðjum, vinna náið með sjálfboðaliðum, fá tónleikaheimsóknir frá virtum tónlistarkonum og flytja frumsamið lag á lokatónleikum fyrir framan fullan sal fjölskyldu og vina. Rokkbúðirnar eru skipulagðar og framkvæmdar af sjálfboðaliðum Stelpur rokka! Sjálfboðaliðahópurinn er fjölmennur og hann skipa farsælar íslenskar tónlistarkonur, fagkonur í frítímaþjónustu og konur með reynslu af jafnréttisstarfi og starfi með ungmennum.

Stelpur rokka! hafa byggt upp öflugt net samstarfsaðila og velunnara síðustu 8 ár og hafa notið víðtækjar viðurkenningar. Samtökin hlutu Erasmus+ verðlaun fyrir framúrskarandi alþjóðaverkefni ungmannasamtaka fyrir alþjóðarokkbúðirnar árið 2019 og lesendaverðlaun Menningarverðlauna DV árið 2016, Samtökin hafa, auk framlags Reykjavíkurborgar, fengið styrki frá fjölda innlendra og erlendra menningar- og jafnréttissjóða; Hlaðvarpanum, menningasjóði kvenna, Kraumi tónlistarsjóði, Barnamenningarsjóði, Tónlistarsjóði, Borgarsjóði, Velferðarráðuneytinu, Nordisk Kultur Fonden, Höfuðborgarsjóði, Erasmus +, Kulturkontakt Nord, Bandaríkska sendiráðinu, NATA ferðasjóði, Uppbyggingarsjóðum Suðurnesja og Norðurlands, Utanríkisráðuneytinu,

Barnavinaféluginu Sumargjöf, verkefninu List fyrir alla og Úrbótasjóði Tónleikastaða. Við njótum ennfremur stuðnings fjölmargra tónlistartengdra fyrirtækja, hópa, vina og velunnara sem styðja við framkvæmd rokkbúðanna á hverju ári.

Árangur starfseminnar hingað til má mæla á ýmsa vegu. Starfsemin hefur t.d ótvírætt stuðlað að aukinni meðvitund um skort á jafnrétti í íslensku tónlistarlífi. Samtökini hafa vakið mikla athygli í samféluginu. Fjallað hefur verið um starfsemina og jafnréttisgildi okkar í öllum helstu fjölmíðum landsins. Við höfum tekið þátt í fjölmögum verkefnum, ráðstefnum og menningarviðburðum á borð við Kynjaþing, Pjórshátíð, Barnamenningarhátíð, hátíðarhöld í tilefni 100 ára kosningarréttar kvenna, Breiðholt Festival, Stelpur filma!, Rokkhátíð æskunnar og fleiri viðburði þar sem við leggjum áherslu á að auka sýnileika stelpna, kvenna, trans og kynsegin einstaklinga í tónlist. Stelpur rokka! starfa með Iceland Airwaves árlega til að stuðla að auknum fjölda kvenkyns hljómsveita á *off venue* dagskrá hátíðarinnar.

Fleiri ungar kvennasveitir eru að stíga fram og ungar konur eru sífellt meira áberandi í tónlistarsköpun. Kvenkyns þátttakendur í Músíktíraunum hafa aldrei verið fleiri en á síðasta ári. Kvennasveitir eru mun meira áberandi á tónlistarhátíðum, verðlaunalistum og á viðburðum en áður.

Einn besta mælikvarða á árangur starfsins má finna í nafnlausri þátttökukönnun rokkbúðanna síðustu fimm árin. Að jafnaði segjast um 95 prósent þátttakenda vilja koma aftur í rokkbúðirnar og um 90 prósent þátttakenda segjast jafnframt hafa öðlast aukið sjálfstraust til að spila og semja tónlist. Niðurstöður þátttökukönnunarinnar eru svipaðar frá ári til árs, sem sýnir fram á mikilvægi þess að starfið haldi áfram í þeirri mynd sem það er nú. Ennfremur gefa umsagnir foreldra og þátttakenda góða vísbendingu um að við séum á réttri leið við að valdefla ungmenni til að láta rödd sína heyrist:

*„Gleymi aldrei þessum degi, svo mikil gleði og góðir strumar og innilegustu þakkir til ykkar sem gerðu þetta mögulegt :“*

*„Ég vonaðist til þess að hafa gaman og eignast vini og það stóðst algjörlega undir væntinum :))“*

*„Ég vildi koma hingað og skemmta mér við að spila á trommur og kynnast nýju fólki. Í Stelpur Rokka fékk ég að spila á hljóðfæri og gleyma mér aðeins í tónlistinni í nokkra daga :).“*

*„Ég var að búast við miklu stuði og yndislegu fólk. Þetta var hellað þið eruð allar frábærar. Allar stelpurnar sem ég talaði við fannst þetta mjög gaman og við hefðu flestar vilja hafa búðirnar lengri (ég held samt að við séum allar fegnar að geta sofið í rúmunum okkar í nótt).“*

*„Mig langar bara að þakka ykkur kærlega fyrir rokkbúðirnar. Stelpurnar mínar voru alsælar með þetta! Tónleikarnir voru frábærir og alveg ótrúlegt hvað ykkur tókst að gera kenna þeim mikið á þessum stutta tíma.“*

*„Mig langar að þakka ykkur kærlega fyrir frábært starf. Dóttir mína var mjög ánægð eftir fyrsta daginn og svo urðu dagarnir bara skemmtilegir eftir því sem á leið, hún kom alltaf svo sael og glöð heim. Frænkur hennar og vinkona komu svo á tónleikana og urðu mjög hrifnar. Þessar fjórar skvísur eru núna alveg ákveðnar í því að fara á námskeið hjá ykkur og halda áfram að rokka. Það er engin spurning þið eruð að gera góða hluti, takk aftur fyrir okkur þið eruð æði, áfram stelpur rokka!“*

### **Markmið og gildi Stelpur rokka!**

Meginmarkmið samtakanna er að bjóða upp á metnaðarfullt og vandað jafnréttis- og tónlistarstarf fyrir allar stelpur, konur, trans og kynsegin einstaklinga á Íslandi. Gildin okkar miða fyrst og fremst að því að skapa jákvætt, styðjandi og hvetjandi andrúmsloft í rokkbúðunum. Við leggjum áherslu á sterkar kvenkyns fyrirmyn dir, samstöðu og samhjálps. Við styðjum þátttakendur til að láta sína eigin rödd heyrast, til að þora að taka áhættu og mistakast og til setja sig í nýjar og spennandi aðstæður. Við leggjum mikla áherslu á félagslegt réttlæti í rokkbúðarýminu og í starfinu öllu. Við fjöllum mikið um forréttindi og fordóma og mikilvægi þess að brjóta á bak aftur hvers kyns staðalímyndir og styðja réttindabaráttu allra kúgaðra samfélagshópa. Það er okkur mjög mikilvægt að allir þátttakendur upplifi sig örugga í rokkbúðarýminu og að þeir þurfi ekki að óttast að verða dæmdir út frá kyngervi sínu eða öðrum eiginleikum eða verða fyrir takmarkandi gagnrýni.

Við vinnum eftir femínískri hugmyndafræði sem felur í sér meðvitund um að einstaklingar geti tilheyrt margvíslegum mismunandi jaðarhópum í samfélagini. Við vitum að ekki stendur öllum stelpum jafnt til boða að stunda valdeflandi tómstundastarf. Við leggjum mikla áherslu á kynningarstarf til LGBT stelpna, efnaminni stelpna, fatlaðra stelpna og stelpna af erlendum uppruna, með það að markmiði að auka aðgengi allra stelpna og trans krakka á Íslandi að rokkbúðastarfinu. Rannsóknir sýna að þessir hópar stulkna eru í minnihluta þeirra ungmenna sem stunda skipulagt tómstundastarf á Íslandi, m.a vegna skerts aðgengis að upplýsingum um starfið og skort á greiðslugetu.

Það er enn fremur okkar metnaður að tryggja að öllum stelpum, trans og kynsegin ungmennum

standi til boða ókeypis eða mikið niðurgreitt tónlistarstarf í borginni. Við erum sannfærð um að starfið skili mestum árangri þegar það nýtist best þeim sem á mestum stuðningi þurfa að halda. Hornsteinninn í starfi okkar er stefnan um valfrjáls þátttökugjöld. Hver þátttakandi borgar þá upphæð sem hann hefur efni á og frí pláss eru í boði. Að jafnaði fær tæplega þriðjungur þátttakenda niðurgreidd og ókeypis pláss í rokkbúðirnar á hverju ári. Ekki er farið fram á neina staðfestingu á greiðslugetu heldur er hverjum og einum treyst til að meta sinn fjárhag. Þetta fyrirkomulag hefur reynst gríðarlega vel og það er okkar reynsla að frí pláss eru að nýtast þeim efhaminni þátttakendum sem mest þurfa á að halda. Stelpur rokka! eru, eftir því sem við best vitum, eina verkefnið á Íslandi sem gefur þátttakendum kost á ókeypis tónlistarstarfi.

Hugmyndafræði Stelpur rokka! samrýmist vel jafnréttisstefnu Reykjavíkurborgar. Stefnan leggur áherslu á jafna stöðu kynjanna í uppeldis og tómstundarstarfi sem og að veita ungu fólkvi hvatningu til að rækta hæfileika sína og persónubroska án hamlandi áhrifa hefðbundinna kynjaímynda. Starfsemin okkar fellur enn fremur vel að markmiðum skóla og frístundasviðs að vera framsækið forystuafli í frístundastarfi. Við viljum bjóða Reykjavíkurborg að styrkja stöðu sína og ímynd sem tónlistarborg með því að styðja öflugasta jafnréttis- og tónlistargrasrótarstarf landsins. Við þökkum Reykjavíkurborg kærlega fyrir að vera mikilvægur hluti af okkar vegferð og vonumst eftir áframhaldandi samstarfi.

Með vinsemdu og kveðju,

Anna Sæunn Ólafsdóttir  
Verkefnastýra Stelpur rokka!

Áslaug Einarsdóttir  
Framkvæmdastýra Stelpur rokka!

Sunna Ingólfssdóttir  
Stjórnarformaður Stelpur rokka!